



Ársskýrsla 2006



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Ríkislögreglustjórinn

Ársskýrsla 2006

Rekstur og starfsemi

Efnisyfirlit

Formáli	5
Innra starf	7
Rekstur embættis ríkislögreglustjóra	7
Úttekt Ríkisendurskoðunar	8
Próunarstarf	9
Markmiðasetning lögreglu	10
Starfsmannamál	10
Tillögur um stuðning við lögreglumenn	15
Tækja- og búnaðarmál	18
Einkennisfatnaður	18
Ökutæki	18
Almannavarnir og löggæsla	19
Almannavarnadeild	19
NORDRED-ráðstefnan 3.–5. maí 2006	21
Fjarskiptamiðstöð	21
Fjarskiptakerfi	22
Samhæfingarstöð	22
Sérsvait	22
Umferðarmál	24
Öryggismál	24
Útlendingamál	26
Alþjóðadeild	26

Afbrotatölfræði og afbrotafræðileg málefni	28
Skýrsla um afbrotatölfræði 2005	28
Sálfræðileg rannsókn á grunuðum og vitnum	29
Afbrotavarnir	30
Verkefnamiðuð löggæsla	30
Fíkniefna- og tæknimál	31
ID-nefnd (kennslanefnd)	31
Auknar aðgerðir um verslunarmannahelgina	31
Hljóð- og myndbandsupptökur við yfirheyrslur	32
Öndunarsýnatæki	32
Nánar um öndunarsýnatækið Evidenzer	33
Efnahagsbrotadeild	34
Breytingar hjá efnahagsbrotadeild	34
Almennt um skilvirkni og málshraða	35
Sérstaða efnahagsbrota	36
Peningaþvætti	37
Mál til rannsóknar	38

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn
www.rls.is

www.logreglan.is

www.almannavarnir.is

Ritstjóri: Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn

Yfirmenn sviða hjá ríkislögreglustjóra tóku saman efni, hver um sitt svið

Hönnun og umbrot: Grafika ehf.

Ljósmyndir: Foto.is sf. Júlíus Sigurjónsson o.fl.

Prentvinnsla: Svansprent ehf.

Útgefið í ágúst 2007

Formáli

Um síðustu áramót voru gerðar grundvallarbreytingar á skipuriti embættis ríkislögreglustjóra. Hlutverk embættisins var skilgreint út frá þeim þáttum löggæslunnar sem helst þarf að leggja áherslu á til framtíðar. Embættinu var skipt í rekstrar- og fjármálasvið, öryggis- og löggæslusvið og lögfræði- og stjórnsýslusvið. Nýir yfirmenn voru ráðnir til þess að stýra þessum megin sviðum embættisins og það skipulagt frá grunni eftir ítarlega innri endurskoðun og umfangsmikla stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar. Breytingarnar eru vel á veg komnar og er áætlað að þeim verði að mestu lokið á árinu. Starfsfólk embættisins er vant skipulagsbreytingum og þróunarverkefnum og hefur tekið virkan þátt í þeim umbreytingum sem átt hafa sér stað og sýnt mikinn metnað og dugnað. Fyrir skemmstu samþykkti dómsmálaráðherra tillögu ríkislögreglustjóra að löggæsluáætlun til ársins 2011. Í fyrsta sinn er sett fram slík löggæsluáætlun hér á landi og mun embætti ríkislögreglustjóra hafa forystu um framkvæmd hennar. Ég tel að löggæsluáætlunin og þær breytingar sem gerðar hafa verið á lögreglustjórninni í landinu verði til þess að efla löggæsluna og öryggi almennings.

Ágúst 2007

Haraldur Johannessen
ríkislögreglustjóri



POLICE

Innra starf

Rekstur embættis ríkislögreglustjóra

Sem fyrr var rekstur embættis ríkislögreglustjóra samkvæmt fjárheimildum. Á árinu jókst rekstrarkostnaður um rúm 15% frá árinu á undan. Helsta skýring þess er fjölgun sérsveitarmanna og kaup á búnaði fyrir þá.

Tafla 1. Rekstrarkostnaður vegna embættis ríkislögreglustjóra

Gjaldaliðir

(allar tölur í þúsundum króna)	2006*	2005**	2004	2003	2002	2001
Laun	753.002	657.038	567.190	465.163	418.182	328.734
Ferðir og fundir	54.904	46.976	53.502	45.893	51.827	45.398
Rekstrarvörur	30.797	38.337	24.089	18.531	26.691	15.929
Aðkeypt þjónusta	109.519	101.704	90.278	67.496	91.128	86.473
Húsnæði	85.827	64.179	57.852	81.888	43.307	32.490
Bifreiðar og vélar	29.422	24.975	21.206	16.183	14.672	81
Vextir, bætur, skattar	339	268	209	341	256	590
Eignakaup	60.170	37.723	16.292	15.832	44.721	23.416
Tilfærslur	3.780	3.936	2.317	2.223	1.079	678
Rekstrarkostnaður alls	1.127.760	975.136	832.935	713.550	691.863	533.789
Sértekjur samtals	-24.231	-15.546	-33.864	-29.529	-30.417	-18.866
Markaðar tekjur	-6.044	-5.696	-5.333	-5.064		
Gjöld umfram sértekjur	1.097.485	953.894	793.738	678.957	661.446	514.923

*Tölur í töflu 1 fyrir 2006 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri

**Endanlegar tölur fyrir 2005



Tafla 2. Sundurliðun kostnaðar vegna eignakaupa

(allar tölur í þúsundum króna)	2006*	2005**	2004	2003	2002	2001
Húsgögn	6.505	3.416	2.510	2.507	8.012	2.439
Tölvubúnaður	3.584	5.993	2.467	3.767	3.138	7.626
Sjónvörp/fjölmiðlanartæki	1.093	712	11	40	297	170
Síma- og fjarskiptabúnaður	7.714	2.952	559	457	9.128	7.660
Skrifstofuvélar	202	1.664			1.402	
Eldhús- og ræstingaráhöld	465	65	65	87		
Önnur áhöld og tæki	40.607	22.921	10.680	8.974	22.744	5.521
Eignakaup samtals	60.170	37.723	16.292	15.832	44.721	23.416

*Tölur í töflu 2 fyrir 2006 eru byggðar á bráðabirgðauppgjöri

**Endanlegar tölur fyrir 2005

Úttekt Ríkisendurskoðunar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið óskaði eftir því árið 2004, að höfðu samráði við ríkislögreglustjóra, að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á bifreiðarekstri lögreglunnar. Þessi rekstur hafði verið færður undir embættið árið 2004 og var tilgangurinn meðal annars sá að meta árangur af breyttu rekstrarfyrirkomulagi. Ríkisendurskoðandi ákvað að samhliða þeirri úttekt færi fram stjórnsluúttekt á embætti ríkislögreglustjóra. Úttektin varð allviðamikil og lauk með skýrslu Ríkisendurskoðunar í október 2006, sem kynnt var í fjölmiðlum í kjölfarið og er aðgengileg á vef þeirrar stofnunar: www@rikisend.is.

Á heildina litið kom embættið vel út og var meðal annars leitt í ljós að það hefur sinnt meginhlutverki sínu vel allt frá stofnun. Embættið hefur skilað lögreglunni góðum árangri og eflt réttaröryggi borgaranna samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni. Þá má ráða af úttektinni að hjá embættinu hafi verið rekin sterk fjármálastjórn. Ríkisendurskoðun kemur einnig með nokkrar ábendingar eða athugasemdir sem snúa ýmist að embættinu eða dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Þannig nefnir Ríkisendurskoðun að breyta megi og efla efnahagsbrotadeildina, bæta rekstur bílamiðstöðvarinnar og sameina viðfangsefni betur milli sviða, sem sum hver séu fremur lítil, og að auka þurfi samræmi í innra eftirliti með verklagi lögreglu. Einnig leggur Ríkisendurskoðun til að embættinu verði falin fleiri verkefni á sviði stjórnslu, sem sum hver séu nú á borði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.



Þróunarstarf

Þegar litið er yfir málefni löggæslunnar í heild á síðasta áratug má segja að stöðug framþróun einkenni þetta tímabil. Áfram er horft til framtíðar og tvennt er það einkum af verkefnum á árinu sem horfir til aukinnar skilvirkni og öryggis almennings í náninni framtíð:

Breyting á lögreglulögum

Lög nr. 46/2006 um breytingu á lögreglulögum voru samþykkt 2. júní og tóku gildi 1. janúar 2007.

Tvær breytingar eru þar veigamestar gagnvart embætti ríkislögreglustjóra og kölluðu þær á aðlögun og undirbúning á árinu. Þar er um að ræða, samkvæmt 1. grein laganna, að starfrækja skuli lögreglurannsóknardeild og greiningardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum. Greiningardeild skal einnig leggja mat á hættu á hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Hin breytingin er sú að staða vararíkislögreglustjóra er lögð niður en embættisheitið aðstoðarríkislögreglustjóri tekið upp. Í desember skipaði dómsmálaráðherra Sigríði Björk Guðjónsdóttur, lögreglustjóra á Ísafirði, í stöðu aðstoðarríkislögreglustjóra frá 1. janúar 2007. Hún hafði áður verið fengin til þess að leiða breytingaferli innan embættisins sem leiddi af breyttum lögreglulögum. Sigríður Björk er staðgengill ríkislögreglustjóra.

Þá er gerð sú mikilvæga breyting að lögregluumdæmum er fækkað og þau stækkuð. Ávinningurinn af þessari ráðstöfun er margþættur og augljós. Lögreglustjórn er einfölduð, rekstur gerður hagkvæmari, lögregluembættunum er gert betur kleift en áður að sérhæfa sig í stærri löggæsluverkefnum, stuðningur innan umdæmis vegna sérstakra verkefna eða álags er eflur, öryggi lögreglumanna við störf eykst þar sem lögreglumaður verður hvergi einn á vakt og þannig mætti áfram telja.

Innri öryggismál íslenska ríkisins

Sérfræðingar Evrópusambandsins í lögreglu- og hryðjuverkamálum skrifuðu matskýrslu um hryðjuverkavarnir á Íslandi þar sem lagt er til að komið verði á fót stofnun sem fari með sama hlutverk og öryggislögregla og leyniþjónustur annarra landa, helst með nýrri þjóðaröryggiseild innan embættis ríkislögreglustjóra. Í júlímánuði skipaði dómsmálaráðherra starfshóp sex embættismanna sem fjalla skyldi um öryggismál og gefa ráðuneytinu álit um efni skýrslu sérfræðinganna. Hópurinn skyldi einnig lýsa því hvernig hann teldi best að hrinda í framkvæmd þeim ábendingum sérfræðinganna sem starfshópnum þætti vert að mæla með. Starfshópurinn, sem starfaði undir forystu Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra, skilaði tillögum sínum þann 5. október.

Helstu niðurstöður starfshópsins eru þær að komið verði á fót öryggis- og greiningarþjónustu hjá embætti ríkislögreglustjóra, sem njóti allra nauðsynlegra lagaheimilda, að Alþingi kjósi nefnd til eftirlits með störfum öryggis- og greiningarþjónustunnar og að allar upplýsingar sem máli skipta og lúta að hryðjuverkavá og skipulagðri glæpastarfsemi verði á einni hendi þaðan sem þeim verði miðlað eftir því sem við á.

Markmiðasetning lögreglu

Markmið embættis ríkislögreglustjóra

Á síðustu árum hefur embætti ríkislögreglustjóra sett sér nokkur meginmarkmið sem kapp er lagt á að fylgja. Þessum markmiðum er ætlað að móta starfið og leiða það svo að lögreglan geti sem best sinnt hlutverki því sem henni er sett í lögreglulögum.

Meðal helstu markmiða síðustu ára eru þessi:

- Að gæta þess að rekstur embættisins sé innan fjárheimilda.
- Verkefnaáætlunum sé fylgt eftir. Afgreiðslu mála sé hraðað og þeim lokið í tíma.
- Fagleg starfsemi ríkislögreglustjóra, lögregluliðanna og almannavarna sé styrkt.
- Öryggi borgaranna sé eftt og þjónusta við þá bætt.
- Innra eftirlit með starfsemi lögreglu sé aukið.

Vel hefur gengið að ná markmiðunum og á árinu var enn frekar unnið að þróun þeirra og útfærslu.

Markmiðasetning og stefnuáætlanir fyrir lögregluembættin

Mikil vinna var á árinu lögð í að búa lögregluembættin undir samræmt stöðumat og mörkun stefnu hvers embættis um sig. Pröstur O. Sigurjónsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, var fenginn til aðstoðar við þessa vinnu og var sett upp módel fyrir embættin að fara eftir. Embætti ríkislögreglustjóra mun aðstoða lögregluembættin við útfærsluna og markmiðasetningu að öðru leyti. Einnig mun ríkislögreglustjóri fylgjast með og kalla eftir kerfisbundnum upplýsingum um það hvernig tekist hefur að uppfylla markmiðin. Þá var unnin ítarleg skýrsla með upplýsingum til undirbúnings því að setja lögreglunni löggæslumarkmið á árinu 2007.

Starfsmannamál

Starfsmenn embættis ríkislögreglustjóra voru 120 í byrjun árs, þar af 86 lögreglumenn. Í upphafi ársins voru starfandi lögreglumenn á landinu öllu 710. Í upphafi árs 2005 voru 693 lögreglumenn starfandi á landinu og hefur lögreglumönnum því fjölgað um 17 milli ára.



Tafla 3. Fjöldi lögreglumanna eftir starfsstigum

Einkenni á axlarsmeyg	Starfsstig	Fjöldi	%
	Yfirlögregluþjónn	25	3,5
	Aðstoðaryfirlögregluþjónn	25	3,5
	Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	99	13,9
	Varðstjóri / Rannsóknarlögreglumaður	249	35,1
	Aðstoðarvarðstjóri	14	2,0
	Lögreglumaður	276	38,9
	Afleysingamaður	22	3,1
Samtals		710	100

Í töflu 3 eru ekki taldir með lögreglunemar og héraðslögreglumenn



Böðvar Bragason lögreglustjóri í Reykjavík, Þórir Oddsson vararíkislögreglustjóri og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri. Þeir Böðvar og Þórir létu af störfum í lok árs.

Tafla 4. Starfandi lögreglumenn 1. febrúar 2006 eftir starfsstigi og embættum*

Umdæmi/embætti	Yfir lögregluþjónn	Aðstoðaryfir lögregluþjónn	Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	Varðstjóri / Rannsóknarlögreglum.	Aðstoðarvarðstjóri	Lögreglumaður	Samtals	Afleysingamaður	Samtals starfandi lögreglumenn	Héraðslögreglumaður	Lögreglunemi	Alls
Akranes	1		1	5		6	13		13			13
Akureyri	1	1	1	9	2	15	29	1	30	1		31
Blönduós	1			3		3	7		7	7		14
Bolungarvík			1	1			2		2	2		4
Borgarnes	1			3	1	3	8		8	4		12
Búðardalur				1			1		1	5		6
Eskifjörður	1		2	3	1	3	10	1	11	9		20
Hafnarfjörður	2	2	1	11	4	20	40	1	41			41
Hólmavík			1	1			2		2	2		4
Húsavík	1			4		4	9		9	5		14
Hvolsvöllur			1	2		3	6		6	1		7
Höfn			1	1		1	3		3	4		7
Ísafjörður	1		1	5		7	14		14	5		19
Keflavík	1	2	8	8	2	9	30	5	35			35
Keflavíkurflugvöllur	2	1	12	13	1	22	51	3	54			54
Kópavogur	1	2	1	11		12	27	4	31			31
Lögregluskólinn	2		7				9		9		36	45
Ólafsfjörður			1	1			2		2	2		4
Patreksfjörður			1	1		2	4		4	4		8
Reykjavík	2	8	23	122	1	110	266	6	272			272
Ríkislögreglustjórinn	3	8	31	21		23	86		86			86
Sauðárkrúkur	1		1	3		4	9		9	7		16
Selfoss	1	1	1	8	2	12	25	1	26			26
Seyðisfjörður	1			4		3	8		8	6		14
Siglufjörður			1	1		1	3		3	3		6
Snæfellsnes	1			2		6	9		9	4		13
Vestmannaeyjar	1		1	4		6	12		12			12
Vík			1	1		1	3		3	4		7
Samtals	25	25	99	249	14	276	688	22	710	75	36	821

*Um er að ræða alla þá sem eru á launaskrá óháð því hvort þeir eru frá störfum vegna tímabundinna veikinda eða af öðrum sökum

Tafla 5. Fjöldi við störf 1. febrúar 2006 eftir starfsstigi og kyni

Staða	2006		2005		1996*	
	karl	kona	karl	kona	karl	kona
Yfirlögregluþjónn	25	0	23	0	20	0
Aðstoðaryfirlögregluþjónn	24	1	25	1	21	0
Aðalvarðstjóri / Lögreglufulltrúi	90	9	91	8	45	1
Varðstjóri / Rannsóknarlögreglumaður	231	18	231	12	249	8
Aðstoðarvarðstjóri	14	0	21	0	56	0
Lögreglumaður/Flokkstjóri	228	48	219	48	190	17
Afleysingamaður	14	8	12	2	0	0
Samtals lögreglumenn	626	84	622	71	581	26
Héraðslögreglumaður	69	6	70	5	0	0
Lögreglunemi	28	8	25	6	0	0
Alls	723	98	717	82	581	26

* Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997. Skýrsla nefndar um bættu stöðu kvenna innan lögreglunnar

Af starfandi lögreglumönnum þann 1. febrúar 2006 voru konur 11,8% og má nefna til samanburðar að í byrjun árs 1996 var hlutfall þeirra 4,3%.



Tafla 6. Fjöldi starfandi lögreglumanna í febrúar 2006

	2006	2005	2004	2003	2002
Akranes	13	12	12	12	12
Akureyri	30	30	31	30	31
Blönduós	7	7	6	6	7
Bolungarvík	2	2	2	2	2
Borgarnes	8	8	8	8	8
Búðardalur	1	2	1	1	1
Eskifjörður	11	11	10	9	9
Hafnarfjörður	41	40	39	40	40
Hólmavík	2	2	2	2	2
Húsavík	9	9	11	9	9
Hvolsvöllur	6	5	6	3	4
Höfn	3	4	4	4	3
Ísafjörður	14	13	13	13	14
Keflavík	35	36	36	37	37
Keflavíkurflugvöllur	54	47	47	47	52
Kópavogur	31	31	26	28	27
Lögregluskólinn	9	8	8	8	7
Ólafsfjörður	2	2	2	2	2
Patreksfjörður	4	4	4	4	4
Reykjavík	272	276	271	282	283
Ríkislögreglustjórinn	86	73	59	59	54
Sauðárkrókur	9	8	9	9	8
Selfoss	26	26	28	28	26
Seyðisfjörður	8	7	7	7	8
Siglufjörður	3	5	4	4	4
Snæfellsnes	9	9	9	9	8
Vestmannaeyjar	12	13	13	12	12
Vík	3	3	3	3	4
Samtals	710	693	671	678	678



Tillögur um stuðning við lögreglumenn

Fyrri hluta árs skipaði ríkislögreglustjóri samráðshóp um áfallahjálp fyrir lögreglumenn. Þar áttu sæti fulltrúar frá Landssambandi lögreglumanna, Lögregluskóla ríkisins, lögreglustjóranum í Reykjavík og embætti ríkislögreglustjóra. Hópurinn skilaði ríkislögreglustjóra niðurstöðum sínum í desember og þar eru gerðar tillögur um að komið verði á fót virkum og víðtækum stuðningi við lögreglumenn um atriði sem valdið geta áfallaröskun. Helstu tillögurnar eru þannig í stuttu máli:

Embætti ríkislögreglustjóra tryggir samræmingu á sérfræðipjónustu og viðbragðspjónustu við áföll, veitir lögregluembættunum faglega ráðgjöf og annast útgáfu á fræðslu- og kynningarefni.

Lögregluskóli ríkisins annast fræðslu um streitustjórnun og viðbrögð við áföllum, heldur námskeið í félagastuðningi og veitir yfirmönnum sérstaka fræðslu.

Lögreglustjóranir tryggja handleiðslu og reglulega umræðufundi um stuðning við lögreglumenn, hvetja þá til hreyfingar og heilbrigðrar næringar sem lífsstíls og gefa kost á félagastuðningi.

Landssamband lögreglumanna annast ráðgjöf við starfslok eða vegna meints brots í starfi, kynningu á úrræðum fyrir lögreglumenn og fjölskyldur þeirra og veitir stuðning vegna vandamála í einkalífi ef því er að skipta.

Tafla 7. Aldurskipting starfsfólks eftir starfsstigi

Staða	Aldur á árinu																			
	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31	32	33	34	35	36	37	38	39	40
Aðalvarðstjóri /Lögr.ftr.						1	1	1				1	1			2	3	1	3	4
Aðstoðarvarðstjóri																			1	1
Aðstoðaryfirlögregluþj.																				
Afleysingamaður	1	4	2	4	1	4	1	1	2				1						1	
Héraðslögreglumaður	1	1	1	1	1			4	1	1	2		7	4	3	2	3	5	3	2
Lögreglumaður		2	3	4	8	20	21	19	7	16	15	9	21	14	6	9	9	9	6	6
Lögreglunemi	2	5	8	4	3	3	3	2	1		3					1			1	
Varðstjóri/Rannsóknar- lögreglumaður				1	1	2	2	4	2	4	3	3	6	4	7	6	13	4	9	10
Yfirlögregluþjónn																				1
Samtals	4	12	14	14	14	30	28	31	13	21	23	13	35	23	16	20	28	19	24	24



	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52	53	54	55	56	57	58	59	60	61	62	63	64	65	Samtals
	5	6	5	2	7	8	5	1	1	5	1	2	4	4	3	2	3	2	2	2	3	2	1	2	3	99
			1	2			1							1		1		1			1	1		1	2	14
	2		1					1	2	1	2	3		1			2	5	1	1	1	1			1	25
																										22
	5	1	3	2	2		4	1	2	3			1	1	1		2	2	1			1	1			75
	5	3	6	7	4	2	3	3	7	5	1	1		4	4	2	1	4	3	3	2	1		1		276
																										36
	9	9	13	11	5	6	4	7	12	7	8	6	8	4	7	7	3	9	8	8	4	2	2	8	1	249
				1	1	1		1	1	1	2	4		4		3			2		1		1	1		25
	26	19	29	25	19	17	17	14	25	22	14	16	13	19	15	15	11	23	17	14	12	8	5	13	7	821



Tækja- og búnaðarmál

Einkennisfatnaður

Á árinu var undirbúin hönnun á nýjum einkennisfatnaði fyrir lögregluna. Má reikna með að miklar breytingar verði gerðar á daglegum vinnufatnaði og var haft að markmiði að hann yrði betri, sýnilegri og þægilegri en eldri búningar. Engar breytingar voru hins vegar gerðar á hátíðarbúningi lögreglunnar.

Unnið var með Ríkiskaupum að útboði á einkennisfatnaðinum. Útboðslýsing var lögð fram 25. október og tilboð opnuð þann 23. nóvember. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum í lok ársins.

Ökutæki

Bílamistöð

Í byrjun febrúar flutti bílamiðstöð ríkislögreglustjóra starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði að Skógarhlíð 14, þar sem fyrir voru fjarskiptamiðstöð og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Nýja húsnæðið er vandað og vel er búið að starfsmönnum og starfsemi.

Mikið annríki var í bílamiðstöðinni á árinu og má geta þess að bílar voru þvegnir nálægt 4.000 sinnum auk almennra þrifa á ökutækjunum og daglegs þjónustuviðhalds. Lögregluembættin nýttu sér aðstöðu bílamiðstöðvarinnar til leitar og rannsóknar á ökutækjum, ásamt því að bílamiðstöðin aðstoðaði Tollstjóran í Reykjavík og Landhelgisgæsluna í ýmsum verkefnum.

Rekstur ökutækja

Ökutæki lögreglu voru alls 153 talsins í janúar 2006. Að loknu útboði Ríkiskaupa var hafist handa við endurnýjun 27 ökutækja á árinu (16 merktra og 11 ómerktra), ásamt því að fjölgað var um eitt nýtt bifhjól hjá lögreglunni í Reykjavík.

Keypt voru 12 ný upptökutæki af gerðinni Eyewitness Digital í ökutækin, auk radartækja af gerðinni Golden Eagle II. Þá var settur tölvubúnaður í eina lögreglubifreið til reynslu.

Lögreglan í landinu ók samtals 5.713.449 kílómetra á árinu, sem er aukning frá fyrra ári. Kostnaður vegna tjóns á ökutækjum og búnaði hækkaði umtalsvert og munar þar mest um þrjú stór tjón sem urðu á lögreglubílum sem lentu í ákeysru í forgangsakstri.

Almannavarnir og löggæsla

Almannavarnadeild

Lögð var áhersla á að endurskoða hættumat vegna hlaupa niður Mýrdalssand og Sólheimasand samfara Kötlugosum. Að því unnu Magnús Tumi Guðmundsson og Jónas Elíasson, prófessorar við Háskóla Íslands, ásamt Guðrúnu Þ. Larsen sérfræðingi við Jarðvísindastofnun Háskólans. Verkfræðistofan Vatnaskil ehf. vann síðan hermun á jökulhlaupum niður Sólheimasand og Mýrdalssand út frá forsendum endurskoðaðs hættumats og voru niðurstöðurnar notaðar til að skilgreina hættusvæði vegna jökulhlaupa og forgangsröðun við rýmingu hættusvæða.

Á árinu voru haldnar margvíslegar æfingar sem almannavarnadeild ríkislögreglustjóra kom að. Dagana 24.–25. mars var almannavarnaæfingin Bergsinn 2006 haldin en hún laut að viðbragðsáætlunum vegna hugsanlegs eldgoss, jökulhlaupa og öskufalls frá Mýrdalsjökli. Æfingin var tvískipt; fyrri daginn var æft í Vestur-Skaftafellssýslu og þann seinni í Rangárvallasýslu. Í reynd yrðu þessar áætlanir virkjaðar samtímis en til að geta betur fylgst með framvindu æfingarinnar og til að hún kæmi að sem mestu gagni var ákveðið að æfa hvora áætlun fyrir sig. Í aðdraganda æfingarinnar voru íbúar áhrifasvæðisins hvattir til að taka þátt í henni með því að rýma hús sín þegar boð þess efnis kæmu til þeirra en rýmingin var einn stærsti hluti æfingarinnar. Íbúar á öllu svæðinu tóku mikinn þátt í æfingunni og varð þetta fjölmennasta rýmingaráæfing sem haldin hefur verið á Íslandi. Stór hópur leikara var einnig á svæðunum á vegum æfingastjórnar og léku þeir hlutverk í verkefnum sem viðbragðsaðilar fengu til úrlausnar. Mikill og góður lærdómur var dreginn af æfingunni og verður hann notaður til að bæta viðbragðs- og rýmingaráætlanir fyrir svæðið.

Þá voru gefnir út upplýsingabæklingar fyrir íbúa með ráðleggingum um rétt viðbrögð í hugsanlegum eldgosum í Mýrdalsjökli og jökulhlaupum, annars vegar niður Markarfljótsaura og hins vegar niður Mýrdalssand og Sólheimasand.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Flugmálastjórn unnu sem fyrr í sameiningu að gerð séráætlana fyrir stærri flugvelli landsins. Í ár var unnin áætlun fyrir flugvelli á Höfn og Bildudal og voru æfingar haldnar í kjölfarið. Æfingin á Höfn var haldin 13. maí og 7. október á Bildudal, þar sem látið var reyna á virkni áætlana og lærdómurinn notaður til að bæta þær. Meginþungi vinnunnar við gerð viðbragðsáætlana var í höndum heimamanna undir ritstjórn og með aðstoð almannavarnadeilda.

Allt árið var unnið að viðbúnaðaráætlun vegna hugsanlegs heimsfaraldurs inflúensu.



Þann 10. febrúar var myndaður stýrihópur sem falið var að skilgreina verkefnið frekar, setja því tímamörk og kalla eftir samstarfsaðilum. Stýrihópurinn skipaði verkefnisstjórn sem í sitja sex starfsmenn. Jafnframt var sérstakur starfsmaður ráðinn tímabundið til almannavarnadeildarinnar til að vinna að þessu verkefni. Stýrihópurinn kom ellefu sinnum saman til hefðbundinna funda en hélt auk þess sjö fræðslufundi í héraði með lögreglustjórum og sóttvarnalæknum. Verkefnisstjórnin fundaði vikulega að jafnaði og hélt samtals 18 fundi. Hún skipti áætlanagerðinni upp í 27 verkefni og skipaði einn vinnuhóp fyrir hvert þeirra. Fundir í vinnuhópum á árinu urðu samtals 60. Allar fundargerðir eru vistaðar á heimasíðu almannavarna á Netinu og hægt er að skrá fundargerðir beint inn á vefinn. Um áramót höfðu niðurstöður borist frá þrettán vinnuhópum og voru væntanlegar frá fjórum öðrum.

Almannavarnadeild tekur þátt í rannsóknarverkefni um langtíma viðbrögð við náttúruvá. Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða, er í forystu fyrir verkefnið en að auki koma að því fyrirtækið Rainrace, almannavarnanefnd Ísafjarðarbæjar, Rauði kross Íslands, dómsmálaráðuneytið og fleiri. Tilgangur verkefnisins er að skoða hvernig aðstoð er háttáð til lengri tíma eftir áföll og hvernig megi bæta slíka aðstoð. Verkefnið var ræst á Selfossi í maímánuði og í september var haldinn vinnufundur á Ísafirði. Ætlunin er að verkefninu ljúki vorið 2008. Viðbrögðum í kjölfar áfalla má skipta í þrjá meginhluta: björgun mannlífa, neyðaraðstoð og uppbyggingu. Hingað til hafa íslenskar almannavarnir lagt megináherslu á þann fyrstnefnda. Þetta verkefni miðar að því að skilgreina hvernig best verður staðið að síðari tveimur hlutum, neyðaraðstoð og uppbyggingu. Reynsla eftir áföll hingað til hér á landi sýnir að mikið skortir á að þessum þáttum sé sinnt með skipulögðum og skilvirkum hætti.



NORDRED-ráðstefnan 3.–5. maí 2006

Embætti ríkislögreglustjóra stóð fyrir norrænu almannavarna- og björgunarráðstefnunni NORDRED 2006 í Reykjavík dagana 3.–5. maí. Þátttakendur á ráðstefnunni voru frá viðbragðsaðilum og stofnunum sem sinna almannavörnum á Norðurlöndunum. Markmið ráðstefnunnar var sem fyrr að efla samstarf Norðurlandanna á sviði björgunarmála og almannavarna ásamt því að stuðla að framþróun þeirra mála. Samstarfið byggist á norræna björgunarsáttmálanum frá 20. janúar 1989 en hann fjallar um aðgerðir til að koma í veg fyrir eða takmarka manntjón og tjón á eignum eða umhverfinu af völdum slysa.

Með hliðsjón af aukinni umferð stórra farþegaskipa um norðlægar slóðir og slysum sem orðið hafa á norðlægum hafsvæðum var áhersla lögð á gagnkvæma aðstoð milli landa vegna stórslysa um borð í farþegaskipum. Í tengslum við ráðstefnuna var haldin æfing þar sem æfð voru samskipti milli landa, flutningur og móttaka erlends björgunarliðs og búnaðar og flutningur þolenda úr landi. Fulltrúi ríkislögreglustjóra bauð gesti velkomna og að því loknu ávarpaði Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra ráðstefnuna. Fulltrúar fjölluðu hver um sig um samhæfingu viðbragðsaðila í sínu landi og hvernig ólíkir aðilar koma að slíkum verkefnum. Ráðstefnan var þannig skipulögð að fluttir voru fyrirlestrar, fregnir fluttar af æfingunni og unnið í umræðuhópum á víxl.

Fjarskiptamiðstöð

Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra hefur starfað í sex ár og fjölgar embættum sem njóta þjónustu hennar um Tetra-fjarskiptakerfið jafnt og þétt. Áætlanir gera ráð fyrir að kerfið nái til allra lögregluembættu landsins á árinu 2007. Þeim embættum sem enn eru utan Tetra-svæðisins hefur verið veitt þjónusta um síma, sem er seinleg og ófullnægjandi lausn.

Nítján starfsmenn eru á fjarskiptamiðstöð, þar af sextán á vöktum. Starfsmannaveltan hefur verið í lágmarki sem gerir vinnubrögð vandaðri og markvissari en ella. Þá hefur verið unnið að því að samræma framkvæmd starfa lögreglunnar um landið allt.

Verkefni sem bærust fjarskiptamiðstöð um Neyðarlínuna (112) voru 81.166 að tölu og er það fjölgun frá fyrra ári um 1.983 verkefni.

Samstarf við Neyðarlínuna jókst á árinu vegna boðunar viðbragðsaðila, endurskoðunar á gagnagrunni símaviðmótsins og fleira. Þá var haldið sameiginlegt námskeið fyrir starfsmenn Neyðarlínunnar og fjarskiptamiðstöðvar, sem tókst mjög vel. Fyrirmynd námskeiðsins var fengin frá Bandaríkjunum en fyrr á árinu fóru starfsmenn Neyðarlínunnar og fjarskiptamiðstöðvar þangað til að kynna sér kennslufyrirkomulag. Einnig jókst samvinna milli fjarskiptamiðstöðvar og annarra viðbragðsaðila, svo sem Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Fjarskiptakerfi

Gengið var frá samningi milli Neyðarlínunnar (112) og Motorola um endurnýjun á miðkerfi Tetra og fjölgun senda, í samræmi við stefnu stjórnvalda um eitt samræmt öryggisfjarskiptakerfi fyrir alla neyðarþjónustu. Það kerfi sem er í notkun heitir Dimetrea 3.8 og var hámarksfjöldi senda 40. Ekki var hægt að fjölga sendum nema með uppfærslu kerfisins í heild. Í þeim samningi sem gerður hefur verið er samið um uppfærslu í kerfið Dimetrea 6.0 og þarf um leið að skipta á ýmsum vélbúnaði. Kerfið getur borið allt að 200 senda en samningurinn gerir ráð fyrir 150 nýjum sendum sem eiga að tryggja fjarskiptasamband um stærstan hluta landsins. Auknir möguleikar til gagnaflutninga verða í nýja kerfinu og það gerir lögreglumönnum við störf á vettvangi betur kleift að sækja sér upplýsingar sem þeir þurfa á að halda. Um leið verður fjarskiptasamband tryggara, bæði innan- og utandyra.

Að auki var tekin ákvörðun um að skipta um allan notendabúnað af fyrstu kynslóð og hófst vinna við það í lok ársins.

Samhæfingarstöð

Samhæfingarstöðin var virkjuð 13 sinnum vegna almannavarnaáðgerða og 47 sinnum vegna leitar- og björgunaraðgerða á landi, eða alls 60 sinnum á árinu. Flest leitar- og björgunarverkefni voru á höfuðborgarsvæðinu en svæðisstjórn björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu (svæði 1) fékk aðstöðu á árinu í Samhæfingarstöðinni. Þá var Samhæfingarstöðin virkjuð átta sinnum vegna æfinga sem flestar voru haldnar í tengslum við stórar almannavarnaæfingar.

Sérsvait

Áfram var unnið að eflingu og uppbyggingu sérsvaitar ríkislögreglustjóra. Sérsvaitarmönnum var fjölgað um tíu og framlengd var til áramóta sú ráðstöfun að fjórar stöður sérsvaitarmanna á Akureyri heyrðu undir embætti ríkislögreglustjóra. Sérsvait ríkislögreglustjóra starfrækti því allt árið stoðdeild fyrir lögregluembættin á Norðurlandi með starfsstöð á Akureyri, sem reyndist mjög vel, og ákveðið var að fyrirkomulagið skyldi verða til frambúðar.



Auk hefðbundinna lögreglustarfa sinnti sérsveitin margvíslegum sérverkefnum. Yfirlit þeirra má sjá í töflunni hér að neðan:

Tafla 8. Sérverkefni sérsveitar ríkislögreglustjóra 2006

Öryggisgæsla	33
Vopnuð lögreglustörf	42
Aðstoð við lögregluembætti vegna hnífamanna	30
Fræðsluverkefni	30
Verkefni sprengjusérfræðinga	15
Leit kafara að sönnunargögnum í sakamáli	5
Björgunarstörf kafara	1

Í ágúst sinntu lögreglumenn frá sérsveitinni því verkefni að ná mótmælendum niður úr háum byggingarkrönum á byggingarsvæði álversins í Reyðarfirði. Þá aðstoðaði sérsveitin lögreglustjórana við eftirlit með rjúpnaveiðum, með því að fara í eftirlitsferðir á veiðislóð í nokkrum landshlutum á veiðitímabilinu. Að auki sinnti sérsveitin auknu umferðareftirliti í desember á Suðurlandsvegi.

Í október var haldið hér á landi samnorraent námskeið fyrir riffilskyttur sérsveita á Norðurlöndunum. Námskeiðið sóttu 25 starfsmenn sérsveita lögreglu frá öllum Norðurlöndunum og Þýskalandi. Þylusveit Landhelgisgæslunnar var til aðstoðar á námskeiðinu.

Í apríl aðstoðaði sérsveitin embætti lögreglustjórans á Snæfellsnesi við þjálfun lögreglumanna á starfsdegi sem haldinn var á æfingasvæðinu að Gufuskálum.

Að auki sinnti sérsveitin eftirfarandi þjálfun og fræðslu:

- Námskeiði í grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins um lögregluaðgerðir, mannfjöldastjórnun, táragas, sprengiefni, hættuleg og falin vopn og skotvopnaþjálfun
- Námskeiði hjá Siglingastofnun um siglingavernd
- Þjálfun sérsveitar fangavarða á Litla-Hrauni fyrir Fangelsismálastofnun
- Skotvopnaþjálfun og fræðslu fyrir þá sem starfa erlendis á vegum Íslensku friðargæslunnar
- Skotvopnaþjálfun fyrir lögreglulið á Norðurlandi
- Námskeiði fyrir áhafnir flugvéla Iceland Express um öryggi um borð í loftförum
- Námskeiði um öryggismál fyrir starfsfólk utanríkisráðuneytisins

Umferðarmál

Í lok febrúar var skrifað undir nýjan samstarfssamning milli embættis ríkislögreglustjóra, Vegagerðarinnar og Umferðarstofu. Með samningnum er stefnt að auknu eftirliti með hraðakstri, ölvunarakstri og akstri undir áhrifum fíkniefna. Hann gildi frá miðjum maí og fram í október en var síðan framlengdur til áramóta. Alls tóku 16 lögregluembætti þátt í verkefninu, auk embættis ríkislögreglustjóra, og ríkti almenn ánægja með það. Alls voru skráðar 5.049 kærur í umferðareftirlitinu.

Farið var um landið á vegum embættis ríkislögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins og haldið áfram kennslu á ný ratsjártæki með upptökubúnaði (Eyewitness), sem eru notuð við umferðareftirlit. Einnig komu sömu aðilar á fót kennslu á nýtt öndunarsýnatæki (Evidenzer).

Í maí var haldinn hér á landi árlegur samstarfsfundur lögregluþingvalda á Norðurlöndunum um umferðarmál (SANT). Fundirnir eru vettvangur skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar á sviði umferðarlöggæslu.

Öryggismál

Nokkrar annir hlutust á árinu af opinberum heimsóknum og einkaheimsóknum erlendra fyrirmenna. Lögreglan annaðist öryggisgæslu og umferðarfylgd vegna 16 heimsókna. Umfangsmestar voru heimsóknir Grikklandsforseta og forsætisráðherra Rússlands, auk fundar forsætisráðherra Eyrstrasaltsráðsins.

Heimsóknir erlendra fyrirmenna til Íslands 2006 þar sem embætti ríkislögreglustjóra kom að skipulagningu og öryggisgæslu eru sýndar í töflu 9.



Tafla 9. Fjöldi heimsókna erlendra fyrimenna til Íslands 2006

Mánuður	Nafn og titill / tilefni	Fylgdarmenn
Apríl	George Reid, forseti skoska þingsins	7
Júní	Zhang Meiyng, varaforseti kínverska ráðgjafarþingsins	8
	Fríðrik, krónprins Danmerkur	2
	Miriam Shomrati, sendiherra Ísraels	1
	Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO	5
	Rita Kieber-Beck, utanríkisráðherra Liechtensteins	7
	James Jones, yfirmaður herafla NATO í Evrópu	21
	Fundur forsætisráðherra Eyrstrasaltsráðsins	150
Júlí	George Bush, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna	8
Ágúst	Jonas Gahr Støre, utanríkisráðherra Noregs	5
	Gary Doer, forsætisráðherra Manitoba-fylkis í Kanada	5
September	Sergey Stepashin, úr viðskiptanefnd rússneska þingsins	2
	Chen Zhili, varaforsetisráðherra Kína	23
	Ehud Barak, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels	3
Október	Thorbjörn Jagland, forseti norska Stórþingsins	2
Nóvember	Miriam Shomrati, sendiherra Ísraels	1



Útlendingamál

Alþjóðadeild

Skipulag alþjóðadeildar ríkislögreglustjóra hefur verið að mestu óbreytt frá því að Íslendingar hófu þátttöku í Schengen-samstarfinu árið 2001 og vinnufyrirkomulag hefur komist í fastar skorður. Svo virðist sem mála fjöldi hafi náð jafnvægi eftir talsverða aukningu á undanförunum árum með stóruknum fjölda útlendinga sem búsettir eru hér á landi.

Fyrirséðar eru talsverðar breytingar á Schengen-samstarfinu á árinu 2007 þar sem nú liggur fyrir áætlun um að tengja nýju löndin í Evrópusambandinu við Schengen-upplýsingakerfið á síðari hluta ársins. Tafir hafa orðið á að nýtt upplýsingakerfi kæmist í gagnið og mun það að öllum líkindum frestast a.m.k. til ársins 2008. Portúgalir komu fram með þá hugmynd að veita nýju Evrópusambandslöndunum aðgang að SIS-upplýsingakerfinu í gegnum sitt landskerfi til þess að ekki drægist að fella niður landamæraeftirlit gagnvart þeim. Sú hugmynd var samþykkt í lok ársins og ákveðið var að landamæraeftirlit gagnvart nýju ríkjunum félli niður um áramótin 2007/2008. Áfram er unnið að þróun hins nýja upplýsingakerfis en það verður að ýmsu leyti frábrugðið því sem nú er í notkun. Mun fleiri möguleikar verða á skráningum í hið nýja kerfi en það gamla, auk þess sem hægt verður að senda upplýsingar eins og fingraför og myndir með tilkynningum um eftirlýsta brotamenn milli landa.

Á miðju sumri kom hingað eftirlitsnefnd á vegum Interpol, skipuð einum fulltrúa frá höfuðstöðvunum í Lyon og fulltrúum frá Austurríki og Sviss. Þessi heimsókn var liður í þeirri viðleitni Interpol að samræma vinnubrögð landsskrifstofanna og fylgjast með að farið sé að samþykktum frá Evrópufundi Interpol og allsherjarþingi. Nefndin kynnti sér m.a. landsskrifstofuna og það verklag sem þar er viðhaft. Einnig átti hún fundi með ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðherra og gerði þeim grein fyrir störfum og niðurstöðum nefndarinnar. Óhætt er að segja að niðurstaða eftirlitsnefndarinnar hafi verið jákvæð og í henni fólust aðeins minniháttar tilmæli um bætt verklag. Tiltekið var sérstaklega í skýrslu nefndarinnar að hér lent fyrirkomulag, að hafa alla alþjóðlega starfsemi á einni skrifstofu, sé til fyrirmyndar. Það álit er í samræmi við það sem áður hafði komið fram hjá eftirlitsnefnd Evrópusambandsins árið 2005.

Á árinu fór einnig fram úttekt á samstarfinu við Europol, þó með öðrum hætti. Sú úttekt fólst einkum í því að svara spurningalistum frá stofnuninni en einnig í símafundi þar sem starfsmenn deildarinnar sátu fyrir svörum um starfsemina og hvað betur megi fara. Þarna fóru fram mjög gagnleg skoðanaskipti sem vonandi leiða til betra samstarfs framvegis. Þá var á árinu tekin ákvörðun um að senda tengifulltrúa til höfuðstöðva Europol á árinu 2007. Þess er vænst að með tilkomu hans muni samstarfið verða mun árangursríkara en áður.


Sem fyrr sinna starfsmenn alþjóðadeildar ýmsum störfum utan deildarinnar. Þar fer mest fyrir brottvísunum, sem eru drjúgur hluti af starfi lögreglumanna deildarinnar. Þá fara þeir reglulega til aðstoðar lögreglunni á Seyðisfirði vegna komu ferjunnar Norrænu.

Á árinu vann alþjóðadeild að 1.272 málum, auk 6.484 mála sem skráð voru í SIS-kerfið. Mála fjöldi varð því í allt 7.756.

Tafla 10. Skipting verkefna alþjóðadeildar

Verkefni	2006	2005	2004	2003	2002
Europol	186	187	247	224	122
Interpol	632	440	470	489	784
Schengen/SIR	86	78	125	170	169
PTN (samstarf lögreglu og tollgæslu)	71	94	133	182	171
Baltcom	0	4	2	4	3
Hælisleitendur / brottvísanir	53	41	61	75	73
Kennisþjöld*	120	115	310	194	
Annað	124	160	59	71	29
Samtals	1.272	1.119	1.407	1.409	1.351

*Kennisþjöld eru staðfesting á að viðkomandi einstaklingur hafi gild íslensk ökuréttindi.




Dagana 17. til 19. maí var árlegur Evrópufundur Interpol haldinn. Að þessu sinni í Minsk í Hvíta-Rússlandi. Vladimir Vladimirovich Naumov innanríkisráðherra bauð ríkislögreglustjóra til fundar við sig í innanríkisráðuneytinu. Myndin er tekin við það tilefni.

Afbrotatölfræði og afbrotafræðileg málefni

Skýrsla um afbrotatölfræði 2005

Í nóvember gaf embættið út veglega skýrslu um afbrotatölfræði fyrir árið 2005 sem er aðgengileg á heimasíðu ríkislögreglustjóra á Netinu: www.rls.is.



Afbrotatölfræði 2005 er afrakstur stöðugt vaxandi fræðilegra rannsókna embættis ríkislögreglustjóra á málefnum tengdum löggæslunni. Útgáfa af ýmsu tagi er orðin fyrirferðarmikil í starfsemi embættisins.

Embætti ríkislögreglustjóra hefur einnig unnið að því um nokkurt skeið að leita leiða til að auðvelda lögregluembættunum að taka saman upplýsingar um afbrot. Á árinu var hleypt af stokkunum verkefni sem felst í því að safna nýjustu upplýsingum um afbrot sem færð hafa verið í lögreglukerfið og birta þær á innri vef lögreglunnar. Þar geta lögregluembættin sótt veftöflur til að skoða upplýsingar um fjölda brota miðað við stöðu mála á hverjum degi, fíkniefni sem lagt hefur verið hald á út frá magni efna, og haldlagningar þar sem fram kemur hversu oft er lagt hald á fíkniefni. Þetta mun meðal annars nýtast lögregluembættunum til þess að forgangsraða verkefnum og gera löggæsluna markvissari og umhverfið öruggara fyrir borgarana.



Sálfræðileg rannsókn á grunuðum og vitnum

Skilningur hefur almennt aukist á því að fólk sem yfirheyrð er af lögreglu er oft sálfræðilega berskjaldað vegna takmarkaðrar greindar, geðrænna vandkvæða, truflaðs geðræns ástands og persónuleikaraskana. Árið 2002 ákvað embætti ríkislögreglustjóra að láta gera athugun á atriðum sem snúa að þjónustu lögreglunnar, verklagi við yfirheyrslur og fleira. Emil Einarsson, B.A. í sálfræði, var ráðinn til að rannsaka þessa þætti í samstarfi við Guðmund Guðjónsson, yfirlögregluþjón hjá embætti ríkislögreglustjóra, Jón Friðrik Sigurðsson, forstöðusálfræðing við geðsvið Landspítala, og Gísla H. Guðjónsson, prófessor við Lundúnaháskóla. Nýsköpunarsjóður veitti styrk til rannsóknarinnar, sem lauk þá um haustið með útgáfu sérstakrar skýrslu með niðurstöðum hennar. Niðurstöðurnar vöktu athygli og hafa þær verið greindar enn frekar síðan. Í desember 2006 birti vísindaritíð Psychology, Crime & Law grein sem byggð er á sálfræðilegum þáttum niðurstaðna. Höfundar hennar eru þeir fjórir sem að framan eru taldir og unnu að athuguninni.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða mun á geðrænu ástandi og persónuleika eftir því hvort um sakborninga eða vitni er að ræða. Þátttakendur voru alls 78 manns, 47 sakborningar og 31 vitni, og höfðu þeir verið yfirheyrðir hjá lögreglu í Reykjavík, Hafnarfirði, Kópavogi og á Akureyri. Hver þátttakandi gekkst undir sálfræðilega prófun strax að lokinni yfirheyrslu lögreglu. Munur reyndist vera milli hópanna tveggja þar sem sakborningar greindu frá fleiri einkennum þunglyndis, vonleysis, undanlátssemi og persónuleikaröskunar en vitni. Fjórir sakborningar héldu því fram að þeir hefðu játað á sig afbrot við yfirheyrslu hjá lögreglu sem þeir höfðu ekki framið og að það hefðu þeir gert vegna aðkallandi þarfa eða sálrænna vandkvæða.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að oft séu sakborningar í viðkvæmu ástandi þegar þeir eru yfirheyrðir. Taka þarf tillit til þess við yfirheyrslur og fræða rannsóknarlögreglumenn um eðli og hættur á sálfræðilegum veikleikum tengdum yfirheyrslum svo að sanngirni og heiðarleiki einkenni öflun sönnunargagna. Sérstaklega þarf að fræða rannsóknarlögreglumenn um sálfræði er varðar falskar játningar í ljósi þess að fjórir sakborningar héldu því fram að þeir hefðu játað á sig afbrot við yfirheyrslu hjá lögreglu sem þeir hefðu ekki framið. Einnig þarf að setja skýrari reglur um yfirheyrslur og meðferð sakborninga, svipaðar þeim sem settar voru af innanríkisráðuneyti Bretlands í janúar 1986 og nefndar voru Police and Criminal Evidence Act (PACE). Skoða þarf betur mat lögreglumanna á hæfni fólks til að þola yfirheyrslu og mætti þá styðjast við nýlegt ákvæði í bresku verklagsregluglunum (PACE Code of Practice, Home Office, 2004).



Afbrotavarnir

Verkefnaðið löggæsla

Unnið var áfram að því að innleiða verkefnaðiða löggæslu (VML). Ríkislögreglustjóri sendi lögreglustjórunum umburðarbréf þar sem þeim bauðst að taka þátt í að leiða frumkvöðlaverkefni á sviði VML. Um haustið hófst undirbúningur þeirra sex embættanna sem þátt taka, meðal annars með kennslu í Lögregluskóla ríkisins, bæði fyrir starfsmenn frumkvöðlaembættanna og þá sem sóttu stjórnunarnám (Stjórnun 1). Þá lágu fyrir drög að handbók um VML sem embættið tók saman í samstarfi við Lögregluskóla ríkisins. Þar er farið yfir hugmyndafræðina, verkferla og fleira. Sérstök eyðublöð í rafrænu formi hafa jafnframt verið útbúin til að auðvelda alla verkferla og tryggja sem best mat á árangri. Frumkvöðlaembættin hófu þegar undirbúning að verkefnum og er gert ráð fyrir að þeim ljúki og þau verði kynnt á sérstakri ráðstefnu sem embætti ríkislögreglustjóra mun standa að.



Fíkniefna- og tæknimál

ID-nefnd (kennslanefnd)

Kennslanefnd ríkislögreglustjóra, sem starfar samkvæmt reglugerð nr. 401/1997, veitti aðstoð í tveimur málum á árinu. Bæði málin lutu að banaslysum í umferðinni; hið fyrra þegar ungur Íslendingur fórst í Danmörku en seinna málið var hér á landi þegar bifreið var ekið út af vegi á höfuðborgarsvæðinu.

Fulltrúar nefndarinnar sátu árlegan fund kennslanefnda Norðurlandanna sem að þessu sinni var haldinn í Finnlandi. Þá sátu tveir nefndarmenn fund á vegum Interpol í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Frakklandi. Af öðru erlendu samstarfi má nefna að Norðurlöndin, sem leggja áherslu á að samræma störf kennslanefnda, hafa sett saman vinnuhóp undir stjórn Norðmanna sem hefur það hlutverk að útvega og setja saman búnað sem auðvelt er að flytja á milli staða. Þá er unnið að því að ljúka við gerð þriðju uppfærslu á forritinu DVI System International sem gerir kleift að skrá og bera saman upplýsingar um horfna menn og þá sem finnast látnir. Alþjóðalögreglan Interpol hefur sýnt forritinu mikinn áhuga og hvatt aðildarríkin 186 til að kynna sér þá tækni og það öryggi sem leiðir af notkun þess. Auk Norðurlandanna hafa nú fimm önnur aðildarríki Interpol tekið forritið í notkun og það auðveldar samstarf þjóða ef slys verða og margir farast. Þessa vinnu leiðir fulltrúi kennslanefndar dönsku ríkislögreglunnar í samvinnu við danska tölvufyrirtækið Plass Data. Fulltrúi kennslanefndar ríkislögreglustjóra hefur tekið virkan þátt í öllu þessu samstarfi.

Auknar aðgerðir um verslunarmannahelgina

Embætti ríkislögreglustjóra hefur frá árinu 2001 veitt lögreglustjórunum aðstoð við fíkniefnaeftirlit á útihátíðum, sérstaklega um verslunarmannahelgar. Vorið 2006 útskrifuðust nýir leitarhundar og umsjónarmenn þeirra hjá lögreglunni og það eflir eftirlitið til muna. Af tólf til fjórtán starfsmönnum ríkislögreglustjóra sem aðstoðuðu við fíkniefnaleit um verslunarmannahelgina voru níu sérþjálfaðir fíkniefnalögreglumenn af höfuðborgarsvæðinu með leitarhund og einnig tóku leitarhundar og umsjónarmenn þeirra frá tollgæslunni þátt í aðstoðinni. Þetta var meira framlag af þessu tagi en nokkru sinni áður og var árangur þess sérstaklega skoðaður. Í ljós kom að mjög öflugt og sýnilegt löggæslueftirlit með flugfarþegum til Vestmannaeyja og þeim sem fóru með Herjólfvi virðist hafa skilað sér í færri málum í þeim hópi en árið á undan, enda bar minna á fíkniefnaneyslu í Eyjum en áður. Erfiðara er að beita sömu forvörnum annars staðar og því urðu aðgerðir um helgina sjálfa viðameiri þar. Úttekt á árangri lögreglunnar sýndi mikilvægi samspils fíkniefnaleitarhunda og sérþjálfaðra fíkniefnalögreglumanna. Rekja má þriðjung mála sem aðstoðarlið ríkislögreglustjóra vann að um þessa helgi til vísbendinga frá leitarhundunum.

Hljóð- og myndbandsupptökur við yfirheyrslur

Embætti ríkislögreglustjóra hefur kannað hvaða búnaður myndi best henta lögreglu hér á landi til upptöku hljóðs og myndar við yfirheyrslur. Var í því sambandi horft til norrænna lögregluembættanna, einkum lögreglunnar í Noregi þar sem lengi var unnið að undirbúningi á upptökum á lögreglu yfirheyrslum.

Norska fyrirtækið Control-IT Systems AS (Ctrl-IT) hefur hannað upptökubúnað í samvinnu við þarlend lögreglu yfirvöld. Búnaðurinn, sem kominn er í notkun hjá norsku lögreglunni, nefnist Indico og samanstendur af tveimur einingum, annars vegar fyrir hljóðupptökur (Indico MP3) og hins vegar fyrir bæði hljóð og mynd (Indico AV).

Sérfræðingar Ctrl-IT komu hingað til lands 24. október 2006 og héldu kynningarfund í Lögregluskóla ríkisins, sem lögreglustjórar landsins sóttu auk annarra. Þá hafði Indico-forritið verið þýtt á íslensku og staðfært. Ríkislögreglustjóri ákvað að samþykkja Indico-upptökubúnaðinn til notkunar fyrir lögregluna og hefur keypt slíkan búnað. Til stendur að Lögregluskóli ríkisins haldi námskeið í notkun búnaðarins og hefur skólinn pantað hann til þeirra nota.

Notkun þessa búnaðar er álitnið mikið framfaraskref út frá faglegri hlið lögreglu yfirheyrslna og búnaðurinn nýtist einnig til að stytta rannsóknartímann.



Öndunarsýnatæki

Á árinu voru sex ný öndunarsýnatæki af gerðinni Evidenzer keypt af sænskum framleiðanda þeirra, Nanopuls. Einnig var keypt kvörðunartæki og hermir, sem hvorttveggja er notað við svonefnt mánaðareftirlit. Sérfræðingur framleiðanda hélt námskeið hérlendis í notkun og meðferð öndunarsýnatækisins.

Haldið var námskeið í Lögregluskóla ríkisins fyrir notendur öndunarsýnatækisins. Þátttakendur voru frá lögreglunni í Keflavík og á Selfossi. Forrit sem notað er við öndunarsýnatöku var íslenskað og unnið er að gerð notendahandbókar.


Þá gaf ríkislögreglustjóri út reglur um öndunarsýni, í samráði við ríkissaksóknara. Lögreglan í Reykjavík hafði til notkunar eina tækið sem er af Intoxilyzer-gerð.

Nánar um öndunarsýnatækið Evidenzer

Evidenzer er öndunarsýnatæki til mælingar á alkóhólþéttni í útöndunarlofti. Mælitækið er tengt fartölvu og sérstök forrit annast samskipti við Evidenzer, gera alla útreikninga og gefa fyrirmæli til sýnatökumanns ásamt því að sýna mæliniðurstöður á skjá og í útprenti. Evidenzer notast við innrauða tækni (IR-tækni) með þeim hætti að tækið nýtir hæfni alkóhólsameindanna til þess að taka í sig innrauða geisla.

Athugun á kvörðun mælitækisins er gerð með svokölluðu mánaðareftirliti. Það er framkvæmt af yfirumsjónarmönnum. Við þessa athugun er mælitækið sett á sérstakt kvörðunartæki og tengt við hermi. Mánaðareftirlitið inniheldur meðal annars átta hermiprófanir og greiningarprófun á rafkerfi tækisins. Athugun á kvörðun getur farið einnig fram með svonefndu kvörðunareftirliti sem er fljótlegri athugun en mánaðareftirlit. Þá er einnig hægt að framkvæma sérstakt greiningareftirlit. Auk alls þessa fer fram sérstök athugun einu sinni á ári þar sem mælitækið er yfirfarið og kvarðað upp á nýtt hjá SKL í Svíþjóð.

Þegar öndunarsýni er tekið þarf ekki að nota kvörðunartækið og hermi. Innbyggt er í tækið að við hverja öndunarsýnatöku er sjálfkrafa könnun á því hvort kvörðun tækisins er í lagi. Rafeindabúnaður og virkni tækisins eru einnig könnuð með greiningareftirliti.



Efnahagsbrotadeild

Efnahagsbrotadeild var sett á stofn með lögreglulögum nr. 90/1996 og reglugerð um rannsókn og saksókn efnahagsbrota nr. 406/1997 og hóf hún störf 1. júlí 1997 þegar embætti ríkislögreglustjóra hóf starfsemi. Á þeim tíma sem liðinn er hefur starfsmönnum deildarinnar fjölgað frá því að vera einn saksóknari og fjórir lögreglumenn í að vera saksóknari, fjórir löglærðir fulltrúar, tíu lögreglumenn og einn ritari. Tvær stöður lögreglumanna voru á árinu fluttar úr efnahagsbrotadeild yfir til nýstofnaðrar greiningardeildar. Þrátt fyrir þessa eflingu mannafla á starfstíma efnahagsbrotadeildar hafa mál deildarinnar á sama tíma vaxið bæði að fjölda og umfangi þannig að álag á starfsmenn hefur í raun aukist til muna. Á hverju ári hafa komið upp mál sem kallað hafa á nýja þekkingu, þau aukist að umfangi og snert ný svið viðskiptalífsins.

Breytingar hjá efnahagsbrotadeild

Í lok ársins lét Jón H. B. Snorrason saksóknari af störfum og tók Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari við. Önnur breyting varð með setningu nýrrar reglugerðar um rannsókn og saksókn efnahagsbrota nr. 1050/2006. Frá og með árslokum 2006 hefur heitið efnahagsbrotadeild verið lagt af en í stað þess var komið á því fyrirkomulagi að rannsókn og saksókn efnahagsbrota er framkvæmd af saksóknara efnahagsbrota. Kosið hefur verið að gefa þeirri starfsemi skammstöfunina SEB. Þeir sem starfa að rannsókn og saksókn efnahagsbrota verða, auk Helga Magnúsar, þeir starfsmenn embættisins sem áður störfuðu í efnahagsbrotadeild. Í reglugerðinni er skerpt á þeirri ábyrgð sem ríkissaksóknari hefur á meðferð ákæru- og rannsóknarvaldsins í landinu og ber saksóknari efnahagsbrota faglega ábyrgð gagnvart honum. Þrátt fyrir þetta fer ekki á milli mála að saksóknari efnahagsbrota er starfsmaður ríkislögreglustjórans og annast hann ákæruvald fyrir hans hönd í efnahagsbrotum. Frekari grein verður gerð fyrir þessari breytingu á síðari ársskýrslum.




Almennt um skilvirkni og málshraða

Á síðustu árum hefur skilvirkni efnahagsbrotadeildar aukist vegna fjölgunar starfsmanna og hefur í auknum mæli verið leitast við að miða við að taka eingöngu til meðferðar þau mál sem deildin getur afkastað. Leitast hefur verið við að taka einkum stærri og flóknari mál til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeildinni en fela lögregluembættunum eftir föngum að rannsaka hin veigaminni. Þrátt fyrir þetta hafa á síðustu árum safnast upp verkefni hjá deildinni vegna þess að stór mál sem hafa verið í rannsókn síðustu árin hafa tekið mikinn hluta af afkastagetu hennar og á meðan hafa önnur tafist. Samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar frá árinu 2006 er málsmeðferðartími almennt nokkuð langur, einkum vegna ytri umgerðar starfseminnar. Verður það verkefni saksóknara efnahagsbrota að leita leiða til að vinna upp þann máláhala sem nú er. Það er samt staðreynd sem allir verða að gera sér grein fyrir að rannsóknir stærri og flóknari efnahagsbrota eru seinlegar og mjög tímafrekar.

Enn eitt sem mun gera það kleift að auka þunga í rannsóknnum hefðbundinna efnahagsbrotamála er að jafnt og þétt hefur dregið úr rannsóknaraðstoð við lögreglustjórana undanfarin ár og með þeirri breytingu sem varð á lögreglulögum og gildi tók 1. janúar 2007 má búast við því að enn dragi úr slíkri aðstoð, enda er ráð fyrir því gert að rannsóknardeildir lögregluembættanna styrkist og verði betur í stakk búnar að rannsaka stærri sakamál en nú.

Miklu máli skiptir þó að málsmeðferð sé vönduð og til marks um að svo sé er að hlutfall efnahagsbrota sem ákært er í og enda með sakfellingu hefur verið hærra hér en í nágrannalöndunum. Nokkrir þættir vega þyngst í því að tryggja vandaða málsmeðferð. Rannsóknir eru unnar í hópvinnu eftir umfangi en aldrei annast færri en einn lögfræðingur og einn rannsóknarmaður hvert mál og fleiri í öllum stærri málum og þegar sérstakt álag er t.d. vegna rannsóknaraðgerða, svo sem handtöku og húsleita. Þverfagleg hópvinna er til þess fallin að tryggja gæði rannsókna og að haldið sé til haga þeim atriðum sem skipta máli fyrir hugsanlega dómsmeðferð komi til ákæru.



Sérstaða efnahagsbrota

Efnahagsbrot hafa þá sérstöðu að það kallar á sérþekkingu, reynslu og yfirlegu að leiða í ljós hvort brot hafi verið framin og hver þau brot eru sem ber að rannsaka. Þetta kallar á gott samstarf lögfræðinga og rannsóknarmanna við rannsókn mála til að tryggja að haldið sé til haga þeim sönnunargögnum sem skipta máli um sönnun brots og að tryggt sé að rannsókn þeirra beinist ekki að öðrum þáttum en þeim sem skipta máli fyrir sönnun máls. Önnur atriði sem skipta máli til að hægt sé að ná góðum árangri er þekking og reynsla starfsmanna. Óhætt er að fullyrða að rannsóknir og saksókn efnahagsbrota eru meðal erfiðustu verkefna lögreglu og ákærvalds. Þarf þá ekki annað en að benda á þau átök sem hafa verið í kringum stór mál þeirrar tegundar á liðnum árum, sem óþarfi er að rekja hér og allir þekkja. Skiptir þá máli að hafa á að skipa hæfu starfsfólki til starfa í þessum málaflokki. Þekking starfsmanna efnahagsbrotadeildar er mikil miðað við starfsmenn lögreglu almennt. Við rannsókn og saksókn efnahagsbrota starfar fólk með áralanga reynslu af rannsóknum refsímála sem hefur að auki mikla reynslu af rannsóknum efnahagsbrotamála. Þar að auki er helmingur starfsmanna með háskólapróf: fimmlögfræðingar og þrjár viðskiptafræðingar, auk þess sem þrjár aðrir hafa lokið námi á háskólastigi í stjórnun lögreglu og fjórir aðrir stunduðu á árinu háskólanám með vinnu. Ríkislögreglustjóri hefur leitast við að styðja þekkingarleit starfsmanna eftir því sem hægt er en starfsmennirnir sjálfir hafa þó að miklu leyti staðið fyrir henni af eigin áhuga og dugnaði.

Í markmiðum efnahagsbrotadeildar fyrir árin 2006 og 2007 er m.a. gert ráð fyrir að starfsmenn deildarinnar auki þekkingu sína og haldi henni við. Tvær leiðir eru þar upp taldar til að markmiðið náist:

- a) Að halda við og auka þekkingu á sviðum sem varða viðfangsefni deildarinnar.
- b) Að fjölga háskólamenntuðum starfsmönnum hjá deildinni.

Afar mikilvægt er að þekking starfsmanna deildarinnar haldist í hendur við breytingar á því umhverfi sem brotin eru framin í. Ljóst er að alvarlegustu brotum gegn ákvæðum ýmissa sérrefsilaga, s.s. skattalögum, tollalögum, lögum um stjórn fiskveiða, samkeppnislögum og lögum um verðbréfavíðskipti, ber að vísa til efnahagsbrotadeildar til rannsóknar. Afar brýnt er að þekkingu starfsmanna deildarinnar sé haldið við og hún aukin á komandi árum.



Peningaþvætti

Reglugerð nr. 626/2006 um meðhöndlun tilkynninga um ætlað peningaþvætti, sem sett var um mitt ár með heimild í lögum nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, mótar ramma um starfsemi peningaþvættisskrifstofu sem er hluti af efnahagsbrotadeild. Það er óhætt að segja að þessi málaflokkur sé afar mikilvægur hluti af starfsemi deildarinnar enda er Ísland aðili að alþjóðasamningum sem fela í sér ríkar skyldur um að hafa uppi varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Peningaþvættisskrifstofan er mjög mikilvægur liður í þeim vörnum.

Á árinu 2006 gerði Financial Action Task Force on money laundry (FATF) úttekt á stöðu peningaþvættismála á Íslandi. Í skýrslu sem fulltrúar FATF skiluðu voru gerðar athugasemdir við nokkra þætti í starfsemi peningaþvættisskrifstofunnar sem unnið verður að úrbótum á fram til október 2008 þegar úttektinni verður fylgt eftir. Það sem vekur mesta athygli í niðurstöðum fulltrúa FATF er að þeir telja ekki nægjanlegu fjármagni veitt til peningaþvættisskrifstofunnar, hana verði að styrkja með því að auka til hennar fjármagn og fjölga starfsmönnum, auk þess sem hvatt var til þess að hún leitaðist við að sinna betur alþjóðlegu samstarfi um peningaþvætti á vettvangi FATF og Egmont Group (Samtök peningaþvættisskrifstofa sem starfa á alþjóðavísu) en hún gerir nú.



Mikilvægi þess að Íslendingar standi sig í vörnum gegn peningaþvætti verður ekki ofmetið. Barátta gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er mjög brýnt mál nú um stundir. Eftir því sem fjármálagæirinn vex með útrás banka og auknum sýnileika þeirra á alþjóðavettvangi eykst nauðsyn þess að bankar njóti trausts. Traust í rekstri bankastofnana er ein sterkasta stoðin undir slíkri starfsemi og geta fréttir, hvort sem þær eru réttar eða rangar, um að bankar eða fjármálakerfið sé notað til að þvætta fé haft bein áhrif á lánshæfismat þeirra. Ætla má að við mat á þessu líti erlendir aðilar á hvernig Íslendingar standa sig í alþjóðlegum úttektum eins og þeirri sem gerð var af FATF.

Ýmsar stofnanir samfélagsins gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn peningaþvætti, s.s. Fjármálaeftirlit, embætti ríkislögreglustjóra og bankarnir, sem hafa á síðustu mánuðum tekið rösklega til hendinni við að auka eftirlit og tryggja að þeir uppfylli skyldur laga um varnir gegn peningaþvætti.

Mál til rannsóknar

Á árinu 2006 voru til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild flókin, erfið og viðamikil mál sem lúta m.a. að grunsemdum um brot gegn ákvæðum skattalaga, ýmissa annarra sérlaga og almennra hegningalaga. Á meðal þessara mála eru tvö afar stór skattamál þar sem fjárhæðir, sem grunur leikur á að hafi annaðhvort ekki verið gefnar upp til skatts eða það gert með röngum hætti, leika á hundruðum milljóna króna. Við lok árs eru málin enn til meðferðar hjá deildinni.

Þá var á árinu rannsakað mál þar sem starfsmaður líftækniyrirtækis var grunaður um að hafa afritað tölvuskrár af netþjóni fyrirtækisins. Dómur gekk í málinu í febrúar 2007 og taldist viðkomandi hafa brotið gegn ákvæðum höfundalaga nr. 73/1972.

Einnig var til rannsóknar mál starfsmanns opinberrar stofnunar sem grunaður er um að hafa heimildarlaust látið leggja fjármuni úr sjóðum stofnunarinnar inn á bankareikninga rúmlega tuttugu einstaklinga. Vegna þessa máls þurfti að yfirheyra mjög marga og afla mikils magns gagna frá fjármálastofnunum á grundvelli úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur. Málið var enn til meðferðar hjá deildinni við lok ársins.

Mál sem verið hafa til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild og vert er að geta er mál sem rannsakað hefur verið á grundvelli kæru rétthafa höfundarvarins efnis, sem grunur leikur á að dreift sé heimildarlaust á Netinu. Það hefur kallað á umfangsmikla tæknirannsókn sem að mestu hefur verið unnin af starfsmönnum lögreglunnar í Reykjavík. Málið er við lok árs enn til meðferðar hjá deildinni.





www.rls.is
www.logreglan.is



www.almannavarnir.is

